

## REGLUGERÐ

um breyting á fjallskilareglugerð nr. 147 23. janúar 1943  
fyrir Vestur-Barðastrandarsýslu.

## 1. gr.

8. grein reglugerðarinnar orðist svo:

Sýslunefnd skal láta prenta markaskrá fyrir alla sýsluna fimmta hvert ár, er ártalið stendur á heilum eða hálfum tug, og skal þar með fylgja fjallskilareglugerð sýslunnar, þegar sýslunefnd telur prentunar þörf. Skal hver markeigandi koma marki sínu í hana og borga fyrir það, sem sýslunefnd ákveður, en hvert heimili fær ókeypis eitt eintak af markaskránni, er fylgja skal jörðinni við ábuendaskipti. Einnig skal sýslunefnd sjá um, að nægilega mörg eintök af markaskránni verði send ókeypis til allra hreppa utan sýslunnar, er fjársamgöngur geta komið fyrir í.

Áður en mörkum er safnað saman til prentunar, skal sýslunefnd ákveða gjald fyrir mörkin, til lúkningar kostnaði við söfnun þeirra, skráningu og prentun, svo og umsjón með upptöku marka. Ef gjaldið nemur meira en kostnaði, rennur afgangurinn í sýslusjóð, en hrökkvi eigi gjaldið, greiðist það sem á vantar úr sýslusjóði.

Heimilt er þó sýslunefnd að fresta útgáfu markaskrár um eitt ár í senn.

## 2. gr.

32. gr. orðist svo:

Þrennar skulu vera fjallaleitir á hausti í öllum hreppum sýslufélagsins. Fyrsti leitardagur skal vera mánudagur í 22. viku sumars og skal samdægurs rétta í öllum skilaréttum.

Skilaréttir skulu vera á þeim stöðum, er hér segir:

Í Barðastrandarhreppi, að Haga.

Í Rauðasandshreppi, að Vestur-Botni.

Í Patrekshreppi, að Geirseyri.

Í Tálknafjarðarhreppi, að Norður-Botni.

Í Ketildalahreppi, að Austmannsdal.

Í Suðurfjarðahreppi, að Dufansdal.

Annar leitardagur skal vera mánudagur næsti á eftir fyrsta leitardegi og skal þá rétta samdægurs í öllum skilaréttum.

Þriðji og síðasti leitardagur skal vera miðvikudagur í 25. viku sumars og skal þá rétta samdægurs í öllum skilaréttum.

Heimilt er þó sýslunefnd að láta þriðju leitir niður falla fyrir eitt ár í senn.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 12 31. maí 1927, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 20. janúar 1950.*

Jón Pálmason.

*Arni G. Eylands.*